

✉ Re: Ósk eftir umsögn, Skjaldborg og Kerling, fjallasel, deiliskipulag - 2211018

| | |
|-----------|---|
| Búið til | 13.1.2023 11:22:50 |
| Höfundur | Snorri Sigurðsson |
| Sent | 13.1.2023 11:22:49 |
| Tilheyrir | 📁 202212-0009 - Ósk eftir umsögn, Skjaldborg og Kerling, fjallasel, Grímsnes- og Grafningshreppi. deiliskipulag |

Efni

Re: Ósk eftir umsögn, Skjaldborg og Kerling, fjallasel, deiliskipulag - 2211018

Upplýsingar

Vinnsla

| | | | |
|--------------|-----------------------|----------|----------|
| Sent | 13.1.2023 11:22:49 | Staða | Innflutt |
| Eigandi | | Tímamörk | |
| Skjalalykill | 42-0 Umsagnir almennt | | |
| Lykilorð | | | |

Þátttakendur

| | |
|-----|--|
| Frá | Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is) |
| Til | ellisif@utu.is |
| Cc | eydis.l.finnbogadottir@ni.is |
| Bcc | Anna.Sveinsdottir@ni.is |

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202212-0008 og 202212-0009 (SS).

Vísað er í tölvubréf frá skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita bs., dags. 6. desember 2022, þar sem óskað er eftir umsögnum Náttúrufræðistofnunar Íslands um tvö skyld mál. Annars vegar um deiliskipulag fyrir fjallaselin Skjaldborg og Kerlingu í Grímsnes- og Grafningshreppi og hins vegar um deiliskipulag fyrir Gatfellsskála, einnig í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Náttúrufræðistofnun skilar einni umsögn um málin tvö enda þau sambærileg, fjalla bæði um deiliskipulag fyrir fjallaskála þar sem markmiðin eru annars vegar að staðfesta núverandi landnotkun og að setja heimildir fyrir stækkun núverandi skála og/eða byggingu nýrra skála til að geta hýst fleiri gistiþláss.

Skálarnir Skjaldborg og Kerling eru við Eyfirðingaveg, norðan við Tindaskaga. Þar eru samtals fjórir skálar á staðnum og gistiþláss fyrir 12. Í deiliskipulagstillögunni eru veittar heimildir fyrir tveimur gistiskálum sem samtals geta verið allt að 200 fermetrar að stærð og hýst 40 gesti. Einnig er heimild fyrir hesthúsi. Skálarnir eru innan svæðis á náttúruminjaskrá, "740 Skjaldbreið og nágrenni" enda standa þeir í Skjaldbreiðarhrauni. Rask verður á hrauninu við framkvæmdir á svæðinu.

Gatfellsskáli er einnig við Eyfirðingaveg, norðan við Gatfell. Skálinn í dag er 33 fermetrar og hýsir 16 gesti. Þar er einnig hesthús. Umfang staðarins er lítið.

Í deiliskipulagstillögunni er veitt heimild fyrir allt að 100 fermetra gistiskála sem getur hýst 20 gesti. Skálinn er innan svæðis á náttúruuminjaskrá, "740 Skjaldbreið og nágrenni, en er í jaðri Skjaldbreiðarhrauns.

Bæði Skjaldborg og Kerling og Gatfellsskáli eru innan víðerna hálandismarka. Eins og fram kemur í greinargerðunum á að takmarka uppbyggingu ferðamannaðstöðu á miðhálandinu samkvæmt leiðbeiningum gildandi Landsskipulagsstefnu 2015-2026. Fjallasel eru almennt í takmörkuðu vegasambandi og einnig þarf að leita jafnvægis varðandi aðgengi ólíkra ferðamáta þ.a. sum þeirra séu einkum fyrir gangandi, hjólandi og ríðandi með takmörkuðu aðgengi fyrir vélknúin farartæki, en önnur þjónusta ferðafólk á vélknúnum farartækjum.

Hér er stefnt að því að byggja upp þjónustu fyrir ferðafólk á tveimur stöðum innan svæðis á náttúruuminjaskrá, sem eru nálægt hvor öðrum. Heimildir fyrir uppbyggingu við Gatfellsskála fela ekki í sér stórfellda breytingu en við Skjaldborg og Kerlingu eru veittar heimildir fyrir töluverðri uppbyggingu sem mun valda raski á Skjaldbreiðarhrauni og líkleg til að breyta ásjón svæðisins umtalsvert. Skjaldbreiðarhraun er víðfemt og með sterk sérkenni sem setja mikinn svip á landslagið. Verndargildi þess er ekki síst vegna landslagsþáttarins. Suðurhluti þess er minna snortinn af áhrifum frá mannvirkjum þar sem áhrif rafmagnslínu og línuvegarins eru umtalsverð í norðurhlutanum. Þess vegna þarf að fara mjög varlega við alla mannvirkjagerð á þessu svæði.

Náttúrufræðistofnun veltir fyrir sér hvort þörf sé á uppbyggingu af þessum toga á báðum stöðum og telur sérstaklega að draga mætti úr áformum uppbyggingar við Skjaldborg og Kerlingu þar sem neikvæð áhrif á jarðminjar og landslag eru líklegri til að vera meiri en við Gatfellsskála.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Ellisif Malmo Bjarnadóttir" <ellisif@utu.is>

To: "Skipulagsstofnun - SLS" <skipulag@skipulag.is>; "for@for.is" <for@for.is>; "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Agnes Þorkelsdóttir" <agnes.thorkelsdottir@umhverfisstofnun.is>; "kristinn@minjastofnun.is" <kristinn@minjastofnun.is>; "hsl@hsl.is" <hsl@hsl.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "Vegagerðin - VG" <Vegagerdin@vegagerdin.is>; "ba@babubabu.is" <ba@babubabu.is>

CC:

Subject: Ósk eftir umsögn, Skjaldborg og Kerling, fjallasel, deiliskipulag - 2211018

Date: 6.12.2022 09:45:08

Góðan dag

Óskum hér með eftir umsögn vegna deiliskipulags fyrir Skjaldborg og Kerling, fjallasel í Grímnses- og Grafningshreppi.

Skipulagsmál í auglýsingu frá 1. des. til og með 13.jan. 2023.

Bestu kveðjur,

Ellisif Bjarnadóttir

Ritari skipulagsfulltrúa

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.

Dalbaut 12, Laugarvatni

Sími: 480 5550

Netfang: skipulag@utu.is (mailto:skipulag@utu.is)

Vefsíða: www.utu.is (https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?

url=http%3A%2F%2Fwww.sbf.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C0d20eb910e44449b73d08dad76e5fc8%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638059167083197073%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQljojV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C&sdata=MN%2Bo9N3twSf2BZ%2FZCY88tVLw9ittBnF1w0cSiklsgE4%3D&reserved=0)

Þú sérð afgreiðslur erinda þinna í pósthólfinu þínu á island.is

(https://eur04.safelinks.protection.outlook.com/?

url=http%3A%2F%2Fwww.island.is%2F&data=05%7C01%7Cmottaka%40ni.is%7C0d20eb910e44449b73d08dad76e5fc8%7C764a306d0a6845ad9f076f1804447cd4%7C0%7C0%7C638059167083197073%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQljojV2luMzliLCJBTil6Ik1haWwiLCJXVCI6Mn0%3D%7C3000%7C%7C&sdata=dOO%2BC7d2AidjnHerzEVlt6jsRN8MWO%2BrB1ozVj3Z1Uk%3D&reserved=0) (mínar síður)

